

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 29. nóvember 2023

Atvinnuveganefnd
v.t. Þórarinn Ingi Pétursson, formaður

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr (EES-reglur o.fl.), 483. mál, 154. löggjafarþing.

Athugasemdir varðandi 2. gr. frumvarpsins.

Gerðar eru athugasemdir við að ekki sé með skýrari hætti gerð krafa um það að eftirlitsaðili haldi kostnaði við eftirlit í lágmarki með því að nýta tæknilausnir við eftirlit eða með því að nýta upplýsingar úr innri gæða- og eftirlitskerfum viðkomandi fyrirtækja. Mikilvægt er að slíkar lausnir verði í auknum mæli nýttar í öllu eftirliti í landbúnaði enda hefur síauknum kröfum fylgt mikill aukinn eftirlitskostnaður.

Skóða þarf sérstaklega við slíkar lagabreytingar sem hér um ræðir, þar sem vísað er til krafna í regluverki Evrópusambandsins sem innleitt er í gegnum EES samninginn, hvort um sé að ræða það sem oft er kallað blýhúðun (einnig gullhúðun). Ekki verður séð í greinargerð með frumvarpi þessu að slík greining hafi farið fram. Aðeins er vísað til þess að ákvæðin sem taka á upp í lögunum séu í samræmi við aðrar heimildir sem viðkomandi stofnun hefur. Ljóst má vera að ekki verður tekið á blýhúðun í íslenskri löggjöf nema fram fari greining á þessum atriðum í hvert sinn sem við lagabreytingar er vísað til regluverks sem tekið hefur verið upp, eða stendur til að taka upp á grundvelli EES samningsins.

Athugasemdir varðandi 3. gr. frumvarpsins.

Ljóst má vera að nýtt ákvæði 15. gr. h. er í ósamræmi við núverandi 30. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim en þar kemur skýrt fram að brot gegn lögunum geti varðað fangelsi allt að 2 árum. Í frumvarpinu er hinsvegar gert ráð fyrir að brot gegn ákvæðum laganna um meðhöndlun aukaafurða dýra varði fangelsi allt að 4 árum. Sé það ætlan löggjafans að færa refsirammann upp í 4 ár þá verður að telja að nokkuð skorti upp á rökstuðning fyrir slíkri breytingu, auk þess sem ekki sé ljóst hvaðan ákall um slíka breytingu kemur.

Athugasemdir varðandi 10. gr. frumvarpsins.

Bændasamtök Íslands leggjast alfarið gegn þeim gjaldtökuheimildum sem lagðar eru til í ákvæðinu. Ljóst má vera að íslenskur landbúnaður er ekki í aðstöðu til að taka á sig frekari álögur.

Þá verður að telja með nokkrum ólíkindum að lagt sé til að umtalsverð gjöld verði innheimt vegna umsókna um starfsleyfi til dýralækninga og fleiri landbúnaðartengdra starfa. Erfiðlega

hefur gengið að manna þau störf sem um ræðir og því ljóst að slík gjaldtaka mun auka enn á vandann sem getur haft afar slæmar afleiðingar í landbúnaði, enda búfjárhald á Íslandi ekki mögulegt án aðkomu dýralækna í núverandi laga- og eftirlitsumhverfi. Sé hinsvegar vilji löggjafans að gera umfangsmeiri breytingar á framkvæmd eftirlits sem feli í sér mun minni aðkomu dýralækna, og þar með lækkun kostnaðar, eru Bændasamtökin boðin og búin til að benda á aðgerðir og aðferðir í þá veru.

Bændasamtökin fara fram á að atvinnuveganefnd óski eftir skýringum frá ráðuneytinu um framangreind atriði.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur